

Megin viðfangsefni húsfélags er rekstur á sameign húseigenda. Eigendur og forsvarsmenn húsfélags hafa ákveðnum skyldum að gegna og þurfa að fylgja lögum og reglum við daglegan rekstur og ákvarðanir.

Ástand fasteignar og hvað er framundan í viðhaldsmálum er eitt af aðalmálefnum aðalfunda húsfélaga. Oft á tíðum hafa húsfélög litlar sem engar upplýsingar um þessi mál og verða umræður á fundum því vangaveltur um hvað eigi að gera. [Ástandsskoðun](#) og mat á kostnaði við framkvæmdir er okkar sérgrein og auðveldar slíkt mat eigendum að taka sameiginlegar ákvarðanir um það sem framundan er. Til að auðvelda undirbúning bjóðum við upp á [frí](#) [a](#) ráðgjöf um fyrstu skrefin. Þú einfaldlega hringir í síma 567-7889 og við ræðum málin.

Við bjóðum húsfélögum ráðgjöf við undirbúning á fundum húsfélagsins og mætum á þá ef óskað er. Þetta hefur reynst húsfélögum afar farsæl leið og auðveldar eigendum að taka ákvarðanir ígrundaðar á faglegri ráðgjöf.

Við leitumst við að tryggja viðskiptavinum okkar **alltaf** lægsta fáanlega verðið með útboðum eða með beinum samningum við verktaka.

**Við tryggjum góðan árangur með samstarfi við hæfa og metnaðarfulla verktaka sem hafa áralanga reynslu af verklegum framkvæmdum.**